



## SAMNINGUR

milli Myndhöfundasjóðs Íslands, kt. 540891-1419 („Myndstef“) og  
\_\_\_\_\_ („aðildarfélag“)

### 1. EFNI SAMNINGSINS

Með samningi þessum staðfesta samningsaðilar inngöngu og félagsaðild ofangreinds aðildarfélags í Myndstef.

Með aðild sinni að Myndstef, staðfestir aðildarfélag og Myndstef að aðildarfélag uppfyllir þau skilyrði sem þarf til félagsaðildar að Myndstefi. Með aðild felur aðildarfélag Myndstefi rétt og skyldu til að sinna þeirri umsýslu og þeim verkefnum sem í kafla 3 greinir, og er kveðið á um í samþykktum Myndstefs hverju sinni. Að auki skuldbindur aðildarfélag til þess að sinna þeim verkefnum og þeim skyldum sem í kafla 4 greinir.

Þá teljast einstakir rétthafar og aðilar ofangreinds aðildarfélags einnig fullnægja skilyrðum um félagsaðild að Myndstefi, og verða þeir sjálfkrafa aðilar að Myndstef hafi þeir veitt sérstakt og sannanlegt samþykki fyrir slíkri aðild. Slíkt samþykki telst veitt þegar einstakur rétthafi fær inngöngu í aðildarfélag að því tilskildu að rétthafa séu gefnar skýrar upplýsingar um þær skyldur og réttindi sem felast í aðild, sjá nánar um fyrirkomulag slíkrar tilkynningar í kafla 4.

Heimilt er að segja sig úr Myndstefi, en til þess að úrsögn sé gild þarf hún að berast stjórn samtakanna með minnst 6 mánaða fyrirvara miðað við áramót.

### 2. UM MYNDSTEF

Myndstef eru hagsmunasamtök á sviði höfundaréttar að myndverkum og gegnir því hlutverki að vernda höfundarétt félagsmanna vegna birtingar á verkum þeirra til almennings og vegna annarrar hliðstæðrar notkunar.

Félagsmenn samtakanna eru þeir sem afhent hafa Myndstef þartilgreint umboð, eða hafa veitt sérstakt og sannanlegt samþykki fyrir slíkri aðild, annað hvort í gegnum einstaklingsaðild eða í gegnum aðild að aðildarfélögum Myndstefs. Umboð þetta og/eða aðild veitir Myndstef heimild til að gera heildarsamninga á grundvelli samningskvaðar, sbr. 12.gr. b. og 3. mgr. 14. gr. höfundalaga, sem og rétt til gæslu á notkunar- og birtingarrétti myndverka höfundar sem þegar hafa verið birt.

### 3. SKYLDUR OG VERKEFNI MYNDSTEFIS

Verkefni Myndstefs er meðal annars að safna upplýsingum eða fá ábendingar um endurnotkun tiltekinna myndverka félagsmanna, koma á fót skrifstofu og vinnukerfi til þess að innheimta þóknun fyrir þessa notkun og koma henni til skila til félagsmanna og hafa með höndum gerð gjaldskrár og taxa í því sambandi.

Lögfræðingur Myndstefs veitir félagsmönnum endurgjaldslausa lögfræðiráðgjöf, upp að ákveðnu marki. Skulu félagsmenn senda samtökunum formlegt erindi þess efnis, ef lögfræðiaðstoðar er óskað. Slíkum beiðnum skal koma til samtakanna skriflega, í gegnum [myndstef@myndstef.is](mailto:myndstef@myndstef.is). Myndstef tekur ekki að sér mál að eigin frumkvæði, nema í algerum undantekningartilvikum. Að auki fara samtökin ekki með almennt eftirlit eða tiltekið í einstaka málum.

Ef Myndstef tekur að sér mál fer af stað eftirfarandi verkferill, eða sá verkferill sem er innan starfsemi Myndstefs á hverjum tíma.

Að jafnaði hafa samtökin milligöngu við að freista þess að ná sáttum og/eða málalokum milli höfundar og ábyrgðaraðila. Ábyrgðaraðili er sá sem birtir eða notar höfundavarið verk með opinberum hætti en það getur t.d. verið framleiðandi, annar höfundur, flytjandi, sýningaraðili, birtingaraðili eða útgefandi. Þá er ávallt byrjað á því að senda ábendingu/fyrirspurn til ábyrgðaraðila þar sem viðkomanda er tilkynnt um málið og þeim gefið tækifæri á að svara og/eða rökstyðja mál sitt. Þegar mál er hafið er höfundi haldið utan við bein samskipti við notanda/málsaðila, og öfugt. Þannig er gert ráð fyrir því að hvorugur málsaðila sé í samskiptum á meðan málið er til úrvinnslu hjá Myndstefi. Erindi, gögn, samskipti og annað, eru ekki afhent höfundi/málsaðila, nema ástæða þyki til, eða þess sé óskað sérstaklega.

Ef sættir nást ekki með tilstuðlan milligöngu Myndstefs, hefur Myndstef ekki heimild til að fara með mál lengra, nema í sérstökum undantekningartilvikum. Þá er bæði notanda og höfundi tilkynnt um að aðkomu Myndstefs að máli ljúki á formlegan hátt. Sömu leiðis er notandi þá upplýstur um að það sé höfundi ekki til fyrirstöðu að leita til lögfræðings eða annarra aðila vegna þessa máls og hefja það að nýju. Einnig eru þá felld niður þau sáttartilboð og tilraunir sem kunna að hafa verið lagðar fram af hendi Myndstefs.

Að auki getur Myndstef ákveðið að taka ekki beina afstöðu til ágreinings og þess hvort um höfundaréttarbrot sé að ræða, heldur fremur leggja fram ráðgefandi álit eða tillögu að lausn, sem er þá lögð fram af hálfu samtakanna, beint að báðum málsaðilum, í þeim tilgangi til að freista þess að leita sáttar.

Gjaldskrá Myndstefs skal lögð til grundvallar í þeim málum sem samtökin taka að sér. Hún er birt á heimasíðu samtakanna, [www.myndstef.is](http://www.myndstef.is), og skal endurskoðuð fyrir aðalfund ár hvert og staðfest þar. 100% álag leggst ofan á gjaldskrá í þeim tilfellum sem not samrýmast ekki skilmálum gjaldskrár, brjóta á sæmdarrétti eða eru að öðru falli óheimil. Þau tilfelli sem falla utan gjaldskrár skal semja um sérstaklega.

Myndstef tekur einnig að sér innheimtu höfundabóknunar utanfélagsmanna í þeim tilvikum sem gerðir eru samningar um greiðslur fyrir afnot myndverka og ábyrgist jafnframt skil þeirra gjalda til viðkomandi höfunda, þannig að þeir verði jafnsettir félagsmönnum hvað innheimtu og skil þessara gjalda varðar. Vísast í því sambandi m.a. til 12. gr. b. og 14. gr. höfundalaga.

Enn fremur hefur Myndstef heimild til að veita samningskvaðaleyfi á grundvelli 2. mgr. 26. gr. a. höfundalaga 73/1972, að nánari skilyrðum uppfylltum og ef viðurkenning fæst sbr. 2.-4. mgr. sömu greinar.

Myndstef tekur að sér að innheimta fylgiréttargjöld vegna endursölu listaverka í atvinnuskyni, sbr. 25. gr. b sömu laga og skv. 5. kafla, (sbr. 6. mgr. 23. gr) laga um verslunarátvinnu nr. 28/1998. Um innheimtu þessara gjalda gilda einnig ákvæði reglugerðar nr. 486/2001.

Ennfremur að hafa með höndum samskipti við hliðstæða erlenda aðila og koma fram fyrir hönd félagsmanna gagnvart Fjölís og öðrum höfundasamtökum í samræmi við tilgang félagsins.

Þá er það og verkefni samtakanna að fylgjast grannt með þróun laga, reglna og viðskiptahátta á þessu sviði og annast samningagerð félagsmanna við opinbera- og einkaaðila um höfundaréttarleg hagsmunamál félagsmanna vegna opinberrar birtingar og notkunar á myndverkum þeirra.

Félagsmönnum er ekki skylt að fela Myndstefi neina aðra hagsmunagæslu á höfundaréttarsviði, nema hvað varðar endurbirtingar á myndverkum og aðra hliðstæða notkun. Enn fremur geta höfundar bannað notkun verka sinna alfarið, og að hluta, og skal tilkynna Myndstef um slíkt.

Félagsmenn Myndstefs greiða ekki félagsgjöld, hvorki aðildarfélög, réttshafar eða aðilar þeirra félaga, né aðilar í gegnum einstaklingsaðild. Ef tekst að innheimta í málum einstakra félagsmanna (þegar mál bjóða upp á innheimtu) fer greiðsla í gegnum Myndstef og halda samtökin 20% eftir af greiddum reikningi fyrir sína umsýslu. Höfundur greiðir ekki fyrir ráðgjöf/aðstoð með öðrum hætti.

Hér má sjá dæmi um þjónustu sem býðst öllum félagsmönnum Myndstefs og helstu verkefnum samtakanna í þágu höfunda (tekið af heimasíðu Myndstefs, og getur sætt breytingum á hverjum tíma):

- Myndstef sér um að innheimta þær höfundaréttargreiðslur sem höfundi ber að fá vegna endurbirtinga á verkum sínum, að beiðni og formlegu frumkvæði höfundar, og koma þessum greiðslum til höfundar eða höfundaréttshafa/erfingja,
- Myndstef sér um að innheimta fylgiréttargreiðslur vegna endursölu listaverka í atvinnuskyni og á listmunauppböðum, og koma þessum greiðslum til höfundar eða erfingja.
- Samtökin veita höfundi aðgang að lögfræðilegri ráðgjöf varðandi höfundarétt og gerð samninga.
- Einu sinni á ári veita samtökin verkefnastyrki sem og ferða- og menntunarstyrki til myndhöfunda.
- Myndstef stendur fyrir fjölmörgum kynningum og fræðslu til höfunda og notenda hugverka.
- Myndstef fylgist með og leitast við að hafa áhrif á þróun laga og reglna svo og viðskiptahátta á höfundaréttarsviði.
- Myndstef annast samningagerð félagsmanna við opinbera aðila og einkaaðila um höfundaréttarleg hagsmunamál félagsmanna.

#### **4. SKYLDUR OG VERKEFNI AÐILDARFÉLAGS**

Myndstef og aðildarfélag standa í sameiningu að því að auka almennt réttindagæslu sinna félagsmanna hvað varðar höfundarétt, efla samtal milli einstakra félaga og fagstétta sjónlistar, sem og við stjórnvöld og menningargeirann. Þau stuðla einnig að sameiginlegri umræðu sem fræðir og upplýsir jafnt félagsmenn sem og notendur um höfundarétt, og freista þess að auka skilning og virðingu fyrir réttinum. Að auki geta aðildarfélögin leitað til Myndstefs um einstaka mál sem kunna að falla undir verksvið samtakanna, sækja um styrki til úrlausnar einstakra mála, sem og

fordæmisgefandi mála fyrir dómstólum, og veita Myndstef upplýsingar um mál sem kunna að varða aðildarfélagið eða félagsmenn, sem og sjónlistir almennt. Myndstef býður einnig endurgjaldslausar kynningar fyrir félagsmenn, hópa eða stofnanir innan myndhöfundaréttar og sjónlistar, og er hægt að óska eftir slíkri kynningu til samtakanna.

Með félagsaðild að Myndstef skuldbindur aðildarfélagið sig til að gera eftirfarandi ráðstafanir, til að tryggja gagnsæi og upplýsingaskyldu sína til sinna félagsmanna um sjálfkrafa félagsaðild skv. lögum um umsýslustofnanir, nr. 88/2019, sem og aðrar ráðstafanir sem tryggja aðildarhæfi.

1. Við gildi þessa samnings ber aðildarfélagi að skila gildandi félagatali til Myndstefs. Árlega skal uppfæra það félagatal, eða fyrir aðalfund Myndstefs í maí/júní.
2. Aðildarfélagi ber að tilnefna einn aðila í fulltrúaráð Myndstefs og gildir sú tilnefning ótímabundið, eða þar til tilnefndur er nýr aðili. Aðalverkefni fulltrúaráðsins eru að fjalla um starf og stefnu Myndstefs, sbr. 1. gr. samþykta Myndstefs. Ennfremur skal ráðið hafa eftirlit með starfsemi aðildarfélagsins sem og kjósa/tilnefna tvo stjórnarmenn í stjórn Myndstefs. Fulltrúaráð skal funda og tilkynna til skrifstofu Myndstefs fyrir 1. apríl sína tilnefningu í stjórn, þau ár sem ráðið tilnefnir í stjórnarsæti.
3. Að auki ber aðildarfélagi að taka þátt og tilnefna fulltrúa í úthlutunarnefnd Myndstefs þegar við á, vegna árlegra styrkja samtakanna, eða til annarra þátttöku sem bæði aðildarfélag eða Myndstef óskar eftir eða leggja síðar upp með.
4. Aðildarfélagi ber að tilkynna sérstaklega og skriflega hverjum nýskráðum félagsmanni sínum að með inngöngu í aðildarfélagið fylgi einnig sjálfkrafa félagsaðild í Myndstefi, nema félagsmaður óski sérstaklega eftir öðru.
5. Aðildarfélagi ber að setja eftirfarandi (eða sambærilegt) orðalag inn í samþykktir/reglur sínar:  
*„Félagsmenn verða sjálfkrafa félagsmenn í Myndstefi, Myndhöfundasjóði Íslands. Félagsmenn öðlast öll réttindi og skuldbinda sig til þess að hlíta öllum skyldum sem fylgja aðild að Myndstefi. Ef einstakur félagsmaður óskar eftir því að undanskilja sig félagsaðild við Myndstef, skal hann tilkynna félaginu um slíkt skriflega.“*
6. Aðildarfélagi ber að hafa eftirfarandi upplýsingar (eða sambærilega orðaðar) aðgengilegar félagsmönnum sínum (t.d. á heimasíðu aðildarfélagsins) um hvað felist í sjálfkrafa aðild að Myndstef, sbr. :  
*„Við aðild að Myndstef öðlast Myndstef rétt til gæslu á notkunar- og birtingarrétti (höfundarétti) myndverka sem þegar hafa verið birt. Gildir þessi réttur samhliða eigin ráðstöfunarrétti félagsmanns um endurnotkun verka sinna, sem er enn meginreglan. Tekur réttargæslan til hvers konar hagsmunagæslu varðandi höfundarétt félagsmanns, þar með talda heimild Myndstefs til að gera heildarsamninga á grundvelli samningskvaðar, sbr. 12.gr. b. og 3. mgr. 14. gr. höfundalaga á grundvelli 2. mgr. 26. gr. a. Einnig tekur hagsmunagæslan til þeirra tilvika þar sem einstaklingar, félög eða opinberir aðilar endurnota myndverk, og jafnframt vegna gagnkvæmnissamninga við sambærileg samtök myndhöfunda erlendis. Myndhöfundar skulu undirrita þartilgreint umboð um réttindagæsluna, sem má nálgast á heimasíðu Myndstefs og undirrita má rafrænt: <https://myndstef.is/hofundar/adild/>*

*Myndstef hefur umboð til að semja um gjald í ofangreindum tilvikum, innan gjaldskrár Myndstefs og innheimta þau, sem og úthluta til félagsmanna, einstaklingsbundið eða í formi*

*styrkja. Félagsmönnum er ekki skylt að fela Myndstefi neina aðra hagsmunagæslu á sviði höfundaréttar. Enn fremur geta höfundar bannað notkun verka sinna alfarið, og að hluta, og skal tilkynna Myndstef um slíkt. Ef höfundur vill ekki öðlast aðild að Myndstef skal tilkynna það sérstaklega til aðildafélags.“*

7. Ef einstakir rétthafar eða aðildarfélag kjósa að verða ekki sjálfkrafa aðilar að Myndstef, skal hver rétthafi tilkynna sínu aðildarfélagi það, og ber aðildarfélagið ábyrgð á að koma þeim tilkynningum til Myndstefs. Myndstef skal halda skrá yfir þá aðila.

## 5. GILDISTÍMI OG NIÐURLAG

Samningur þessi fellur úr gildi við úrsögn aðildarfélags, eða brottrekstur. Óheimilt er að framselja efni samningsins. Ef ágreiningur verður um efni samnings, skal reyna eftir fremsta megni að finna lausn á þeim ágreiningi í gegnum nefnd þar um skipaða. Skal Myndstef tilnefna einn aðila, aðildarfélag einn aðila, og skal sá þriðji koma úr sætum fulltrúaráðs Myndstefs.

Að öðru leiti gilda samþykktir Myndstefs og verkreglur stjórnar og fulltrúaráðs hverju sinni. Uppfærðar samþykktir Myndstefs eru ávallt aðgengilegar á heimasíðu Myndstefs og verkreglur er hægt að fá hjá skrifstofu Myndstefs.

Staður, dags.

---

Myndstef (formaður)

---

Aðildarfélag (formaður)

---

Vottar